



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um eflingu almenningsamgangna í tengslum við fækkun bílastæða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fækkun bílastæða:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 8. febrúar sl. var samþykkt að breyta fyrirkomulagi gangstéttar og bílastæða við Brautarholt 16-20. Þar var m.a. kveðið á um að bílastæðum yrði fækkað úr 25 í 6. Verður hugað að því að efla Strætó á nærliggjandi svæði svo íbúar geti raunverulega nýtt sér hann í staðeinkabílsins? Ef svo er, hvernig verður hugað að því? Hefur samtal átt sér stað við Strætó til þess að efla leiðakerfi og tíðni á þeim svæðum þar sem bílastæðum fer fækkandi? Mikilvægt er að almenningsamgöngur séu eflar til muna á sama tíma og bílastæðum fer fækkandi.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 15. mars sl.

Svar:

Ekki stendur til að efla Strætó í tengslum við breytingarnar. Brautarholt er þegar vel tengt við strætóleiðir. Næsta stoppistöð Strætó, við Þjóðskjalasafnið, er í um 260 m fjarlægð frá Brautarholti 16 en þar stoppa margar leiðir. Þar að auki er Hlemmur í 600m göngufæri frá Brautarholti þar sem flestar leiðir Strætó stoppa.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri